

**Sp.**

## **688. Tillaga til þingsályktunar**

um, að rikissjóður taki til bráðabirgða að sér allar nauðsynlegar kaupgreiðslur og viðhald á húsum og öðrum mannvirkjum héraðsskólanna og húsmæðraskóla sveitanna.

Flm.: Jónas Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka að sér að greiða til bráðabirgða öll nauðsynleg útgjöld við kennslu og viðhald á húsum og öðrum mannvirkjum, sem tilheyra héraðsskólunum og húsmæðraskólum sveitanna.

### **Greinargerð.**

Héraðsskólarnir og húsmæðraskólar sveitanna voru reistir fyrir forgöngu einstakra manna, kvenna og karla, með stuðningi ýmiss konar félaga, héraðsstjórna og rikissjóðs. Allir þessir skólar voru sjálfseignarstofnanir með viðtækri sjálfstjórn og athafnafrelsi. Var skipulag þessara skóla eins og eyja af sokknu meginlandi frá þeim tíma, þegar mörgum þýðingarmiklum málum var ráðið til lykta heima í héruðum. Í öllum þessum skólum var kennaraval og kennararáðning í höndum héraðsvaldra skólanefnda. Ríkið styrkti þessa skóla eftir föstum reglum í samræmi við nemendatölu. Skipulag þessara sjálfstæðu skólaheimila gerði kleift að koma við margs konar tilbreytni: bókfræðslu, vinnu, íþróttum, búskap, gisti- húshaldi, hvíldarvikum sveitafólks, héraðssamkomum o. s. frv. Öll þessi tilbreytni var framkvæmanleg með því móti einu, að skólaheimilin væru mjög frjáls um framkvæmdir og fólksráðningar. Samkvæmt lögum frá 1939 um skipulag héraðsskóla var ákveðið, að námstíminn skyldi skiptast nokkuð jafnt milli bóknáms, íþróttar og verklegrar fræðslu. Á þeim grundvelli, sem þar var lagður, var unnt að koma fyrir mjög fullkomnum uppeldisaðgerðum með þjóðlegu sniði, en í nánú samræmi við beztu fyrirmyndir frá helztu menntaþjóðum.

Stjórnsmálaflokkur, sem vill gerbreyta íslenzku þjóðskipulagi eftir rússneskri fyrirmynd, fékk árið sem leið tækifæri til að koma öllum þessum sjálfstæðu stofnunum á vonarvöl. Allt sjálfstæði hefur verið af þeim tekið. Ríkisstjórnin veitir öll embætti til lífstíðar. Starf kennara og skólastjóra er bundið við venjulegan kennslutíma í skólum. Laun kennaranna voru ákveðin mjög há. Við einn húsmæðraskólann hafði úrvals forstöðukona fengið um 3000 krónur í árslaun, unað vel hag sínum og orðið áður landskunn fyrir stjórn sína og kennslustörf. En með lagabreytingunni,

sem eyðilagði frjálsum skólana í landinu, hækkuðu laun hennar og urðu 25000 kr. Hið nýja launakerfi er allt lært á sömu bók. Nú eru allir frjálsum skólarnir orðnir ríkisstofnanir og starfsliðið hálaunað embættisfólk. Að vonum segir kennaralið sveitaskólanna, að því beri vissulega ekki skylda til að vinna fyrir skóla sína að garðrækt, búskap, skógrækt eða gistihúshaldi fremur en kennurum við bæjaskólana. Með aðgerðum Alþingis gagnvart hinum frjálsum skólum sveitanna var allt hið blómlega athafnalíf þeirra lagt í dróma undir svefnvæð embættismennskunnar. Hið nýja uppeldisskipulag stefnir sýnilega að því að gera sem flesta Íslendinga að doktorum í bóklegum fræðum, með því að öll snerting við efnisheiminn þykir of lágfleyg fyrir þá kynslóð, sem á að erfa landið.

Enn er ekki liðið nema eitt ár, síðan hin nýju skólalög voru samþykkt, en nægilega mikið af göllum er komið í ljós til þess, að allmargir, sem samþykktu þau, óska nú, að þeir hefðu þar hvergi nærri komið. Ég vil sanna mál mitt með því að lýsa áhrifum skipulagsbreytingarinnar á tvo elztu skólana, héraðsskólann og húsmæðraskólann á Laugum í Þingeyjarsýslu. Sýslusjóður á nú að greiða nokkurn hluta kennaralauna við báða skólana og auk þess allmikið af viðhaldi húsa og mannvirkja. Sýslan hefur stutt báðar skólabyggingarnar með lágu fjárframlagi, en engum sýslunefndarmanni hefur komið til hugar, að sýslan tæki að sér kostnað af kennslu eða viðhaldi bygginganna. Allar tekjur sýslusjóðs í Þingeyjarsýslu eru um 70 þús. kr. Hins vegar eru þrír kennarar við skólana á Laugum, sem engin laun hafa fengið í vetur. Sú skuld mun vera um 60 þús. kr. Sýslan á að borga helminginn, en hefur engan eyri til þess. Ríkið greiðir ekki sinn helming nema sýslan reiði fram sinn tiltekna skammt. Niðurstaðan er sú, að yngstu kennararnir fá alls ekkert fyrir vetrarvinnu sína. Til samleigs viðhalds á báðum skólunum, þegar hvert viðvik er reiknað eftir hæsta taxta, má varla gera ráð fyrir minna en 40 þús. í hlut sýslunnar. Er þá svo komið, að allar tekjur sýslunnar ganga til að greiða útgjöld við tvo skóla, sem sýslunefnd hefur aldrei ætlað sér að kosta og getur ekki kostað. Nemendur beggja skólanna auk þess úr öllum sýslum landsins.

Hin nýju skólalög gera ráð fyrir, að einstök héruð taki að sér þessa skóla með öllum þeim skuldbindingum, er því fylgja. En þetta munu sýslufélögin ekki gera, nema ef eitthvert þeirra langar til að verða snarlega gjaldþrota. Hitt má telja sennilegt, að þegar til alvörunnar kemur, vilji ekkert hérað eiga Laugar, Laugarvatn, Reykholt, Reyki í Hrútafirði, Núp, Reykjanes, Varnahlíð og Skóga. Sömu örlög biða allra húsmæðraskólanna í sveitum landsins. Konur á Suðurlandi hafa um margra ára skeið safnað fé til að reisa húsmæðraskóla í héruðum, en nú stöðvast þær framkvæmdir, því að enginn treystist til að taka ábyrgð á slíkri stofnun. Samt er þörfin fyrir slíkan skóla svo mikil, að árlega sækja 150 stúlkur um 20 kvenna deild á Laugarvatni.

Alþingi hefur gerbreytt öllu skipulagi héraðs- og húsmæðraskóla sveitanna upp á sitt eindæmi og án þess að fá samþykki héraðsstjórnanna um að taka sér á herðar veg og vanda af rekstri þessara skóla. Er sýnilegt, að annaðhvort grotna skólarnir niður og kennsla hættir eða að ríkið verður að taka að sér allan kostnað af kennslu og viðhaldi húsa og mannvirkja. Næsta skrefið verður að öllum líkindum stigið á Alþingi á hausti komanda: Að fella úr gildi alla hina vanhugsuðu skólalöggjöf frá tveim síðustu árum. Þá fá frjálsum skólarnir aftur óteljandi þróunarmögu-leika, sem nú hafa í bili verið gerðir að engu.